



Fundargerð

132. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
27. ágúst 2019, kl. 16:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir, formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Jón Haukur Hafsteinsson, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðsluviðs og Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir máli númer eitt: Einar Haraldsson formaður Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags, Sigurður Garðarsson formaður knattspyrnudeildar, Jónas Guðni Sævarsson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og Jóhann Birnir Guðmundsson yfirþjálfari yngri flokka.

* * *

1. Erindi frá knattspyrnudeild Keflavíkur (2019080063)

Forsvarsmenn knattspyrnudeildar Keflavíkur fylgdu úr hlaði margvíslegum hugmyndum er varða starfsemi knattspyrnudeildarinnar.

Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2020

2. Íþróttasjóður Reykjaneshæjar (2019050294)

Tillaga bæjarfulltrúa Miðflokksins um að stofna afrekssjóð fyrir ungt íþróttafólk sem á lögheimili í bæjarfélaginu.

ÍT ráð þakkar bæjarfulltrúa Miðflokksins fyrir að huga að stuðningi við íþróttafólkið okkar en vill jafnframt upplýsa að slíkur sjóður er til staðar hjá íþróttá- og tómstundaráði. Sjóðurinn er vel nýttur en alls hefur verið úthlutað úr honum 83 sinnum á þessu ári. Upphæðin sem hver íþróttamaður getur fengið í styrk í hverri ferð er 20.000 kr. Sú fjárhæð hefur verið sú sama um árabíl og leggur ÍT ráð til að upphæðin verði tvöfölduð í fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2020. Vinnureglur Íþróttasjóðs fylgja með til frekari glöggvunar.

3. Yfirlýsing frá aðalstjórn UMFN (2019080116)

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjaneshæjar tekur heilshugar undir yfirlýsingu aðalstjórnar UMFN um stuðning Reykjaneshæjar við afreksæfingar íþróttafólksins okkar. ÍT ráð þakkar Guðlaugi Helga

BRB

JK

JK

BMB

E.S.



Sigurjónssyni sviðsstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs og Berglindi Ásgeirsdóttur yfirmanni Vinnuskólans fyrir að sýna verkefninu skilning.

4. Skýrslur sumarnámskeiða (2019080558)

Skýrslur Sport- og ævintýraskóla UMFN og Íþrótt- og leikjaskóla Keflavíkur lagðar fram. Íþrótt- og tómstundaráð vill koma á framfæri kærum þökkum til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og leggur jafnframt áherslu á að fjármagn fái við fjárhagsáætlun 2020 hjá Reykjanesbæ.

5. Fjárhagsáætlun 2020 (2019080559)

Íþrótt- og tómstundafulltrúi skýrði frá vinnu við fjárhagsáætlun 2020.

Ráðið leggur áherslu á að tryggja þurfi fjármuni til uppbyggingar íþróttamannvirkja líkt og bókun ráðsins frá 18. júní sl. segir til um. Stefnt er að uppbyggingu íþróttamannvirkja í góðri samvinnu við íþróttafélögin. Að auki verði hugað að gerð samstarfssamninga við Keflavík íþrótt- og ungmennafélag og Ungmennafélag Njarðvíkur sem og að kanna hvort mögulegt sé að hækka hvatagreiðslur úr 28.000 kr. í 35.000 kr. frá og með 1. janúar 2020. Enda segir í málefnasamningi að stefnt sé að hækkun upp í 50.000 kr. á kjörtímabilinu.

6. Dagskrá íþrótt- og tómstunda Ljósanæturdagana 4. - 8. september nk. (2019080691)

Dagskráin lögð fram. Fleiri viðburðir eiga vafalaust eftir að bætast við. Alla dagskrána má sjá inn á vefslóðinni ljosanott.is

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50

Eva Stefánsd.
Jón Hauk Halldórsson
Mikaelsson
Birgir M. Þorgras.
Birkitta Rún Þirkutíð.